

Reifun á úrskurði nr. 14/2015 - Tollflokkun bifreiðar

K kærði ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun bifreiðar. Um er að ræða bifreið sem við innflutning var fullbúin sjúkrabifreið, en var breytt eftir innflutning til landsins þannig að allt sem einkenndi hana sem sjúkrabifreið var fjarlægt svo að úr varð sendibifreið. Kærandi fór fram á að tollflokkun bifreiðarinnar yrði færð úr tollskrárnúmeri 8704.3240 í 8704.2199 og mismunur á vörugjöldum yrði endurgreiddur.

Niðurstaða: Samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. skal greiða vörugjald af ökutækjum sem skráningarskyld eru skv. umferðalögum nr. 50/1987. Gjaldskyldan nær til allra skráningarskyldra ökutækja, nýrra sem notaðra, sem flutt eru til landsins eða eru framleidd, unnið að eða sett saman hér á landi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1993. Ekki er að finna heimild í áðurgreindum lögum eða í reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, til að endurgreiða mismun á vörugjaldi eftir aðvinnslu bifreiðar. Í lögunum og reglugerð eru eigendur ökutækja hins vegar gjaldskyldir ef ökutæki þeirra hækka um gjaldflokk við aðvinnslu fyrir nýskráningu eða við breytingu innan fimm ára frá nýskráningardegi, sbr. 9. gr. laganna og 3. tl. 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar. Embætti Tollstjóra úrskurðar að ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á bifreið með fastnúmerið X er staðfest